


VÍMUEFNANOTKUN UNGLINGA Á ÍSLANDI

SAMANBURÐUR VIÐ NORÐURLÖND MEÐ EVRÓPUVIÐMIÐUM

Samantekt úr fjölþjóðlegri skýrslu ESPAD 2020.





HÍ

ÍSLENSKA ÆSKULÝÐSRANNSÓKNIN



VÍMUEFNANOTKUN UNGLINGA Á ÍSLANDI
Samanburður við Norðurlönd með Evrópuviðmiðum

Menntavísindastofnun
2021

Ársæll Már Arnarsson
Ingibjörg Kjartansdóttir
Hans Haraldsson

ESPAD

EFNISYFIRLIT


INNGANGUR	4
FRAMKVÆMD	6
SÍGARETTUREYKINGAR	8
SNEMMBÆRAR SÍGARETTUREYKINGAR	9
REYKINGAR MEÐ RAFRETTUM	10
SNEMMBÆRAR REYKINGAR MEÐ RAFRETTUM	11
ÁFENGISNEYSLA OG ÖLVUN	12
SNEMMBÆR NEYSLA ÁFENGIS OG ÖLVUN	13
AÐGENGI AÐ SÍGARETTUM OG ÁFENGI	14
NEYSLA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA	15
AÐGENGI AÐ KANNABIS OG E-TÖFLUM	16
FJÁRHÆTTUSPIL Á NETINU sl. 12 mánuði	17
FJÁRHÆTTUSPIL sl. 12 mánuði	18

INNGANGUR

Samantekt þessi er unnin upp úr fjölþjóðlegri skýrslu ESPAD sem kom út árið 2020. Bornar eru saman niðurstöður frá síðustu fyrirlögn ESPAD 2019 sem framkvæmd var meðal 16 ára íslenskra ungmenna við niðurstöður jafnaldra þeirra í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Færeyjum og Finnlandi. Til viðmiðunar eru gefin upp hæsta, lægsta og meðalgildi þátttökulanda ESPAD í Evrópu.

Evrópska vímuefnarannsóknin **European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs (ESPAD)** er samvinnuverkefni fræðimanna í rúmlega fjörutíu Evrópulöndum. Verkefnið er unnið að tilstuðlan Evrópuráðsins (Pompidou Group) og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefni (EMCDDA). Niðurstöður rannsóknarinnar veita ítarlegar upplýsingar um breytingar á viðhorfum, þekkingu og neyslu unglunga á einstökum tegundum vímuefna á tímabilinu 1995–2019.

Markmið ESPAD samtakanna er að safna áreiðanlegum og sambærilegum gögnum yfir tíma um notkun vímuefna í eins mörgum Evrópulöndum og mögulegt er. Nauðsynlegt er að auðvelda haggæðilum og fræðimönnum aðgang að áreiðanlegum og samanburðarhæfum gögnum til að marka og meta árangur forvarna gegn áfengis- og vímuefnaneyslu ungmenna, sjá www.espad.org. Áhugasamir



Mynd 1. Evrópsk þátttökulönd í ESPAD 2019 eru merkt með bláum lit.

aðilar innan sem utan ESPAD samtakanna geta því sótt um aðgang að ESPAD gagnasafninu.

Öflun gagnanna í þessari skýrslu fór fram á vormánuðum 2019, en þá voru liðin 24 ár frá upphafi ESPAD mælinganna. Árið 2019 var heildarfjöldi þátttakenda í ESPAD 99.647 í 35 löndum.

Þáttökulönd í ESPAD 2019.

Austurríki	Holland	Malta	Slóvenía
Búlgaría	Írland	Mónakó	Spánn
Danmörk	Ísland	Norður-Makedónía	Svartfjallaland
Eistland	Ítalía	Noregur	Svíþjóð
Færeyjar	Kosovo	Pólland	Tékkland
Finnland	Króatía	Portúgal	Úkraína
Frakkland	Kýpur	Rúmenía	Ungverjaland
Georgia	Lettland	Serbía	Þýskaland *
Grikkland	Litháen	Slóvakía	

* Gagnasöfnun fór fram í einu sambandsríki

Mikilvægi ESPAD gagnanna eykst með fjölgun mælinga yfir tíma, hvoru tveggja fyrir einstaka þáttökulönd og fyrir Evrópusvæðið í heild. Frá upphafi hafa u.þ.b. 700.000 nemendur í Evrópu tekið þátt í könnunum en ESPAD gagnasafnið er stærsta gagnasafn um neyslu áfengis og vímuefna meðal evrópskra unglunga en Ísland hefur verið þátttakandi í ESPAD frá upphafi. Undanfarin ár hefur The European Monitoring Centre for Drugs and Drug Addiction (EMCDDA) stutt í auknum mæli við starfsemi ESPAD með því að samhæfa og þróa verkefnið auk þess sem The National Research Council á Ítalíu hefur haldið utan um og samræmt frágang gagna.

Niðurstöðurnar sem birtar eru í þessari samantekt eru því framlag fjölmargra samtaka og rannsóknateyma víðs vegar um Evrópu. Að auki hefði könnunin verið óframkvæmanleg ef ekki hefði notið velvildar og hjálpssemi skólastjóra, kennara og að sjálfsögðu nemendanna sem tekið hafa þátt í ESPAD rannsókninni. Án þessa framlags vissum við lítið um umfang neyslu áfengis og vímuefna meðal evrópskra ungmenna, viðhorf þeirra og áhættuhegðun sem nátengd er neyslu slíkra efna. Framkvæmd rannsóknarinnar á Íslandi var styrkt af Lýðheilsusjóði og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands.

FRAMKVÆMD

Markhópur ESPAD rannsóknarinnar eru nemendur sem verða 16 ára á framkvæmdarári könnunarinnar og eru mættir í kennslustund á þeim tíma sem fyrirlögn fer fram. Að miklu leyti er framkvæmdin sambærileg milli landa en nokkur breytileiki er á tímasetningu framkvæmdar, úrtaksaðferð og hvort fyrirlögnin sé rafræn eða á blaði. Rannsóknarhópur ESPAD á Ítalíu kannaði hvort munur væri á niðurstöðum eftir því hvort fyrirlögn var rafræn eða á blaði. Samanburðarhæfi reyndist viðunandi þegar þessar tvær aðferðir voru bornar saman¹.

Framkvæmd og fjöldi þátttakenda á Norðurlöndum í ESPAD 2019.

	Landsvæði	Fyrirlögn	Úrtaks aðferð	Úrtaks eining	Vigtun	--- Þátttaka --- Bekkir	(%)	Fjöld
Ísland	Landið	Rafræn	Allir	-	Ekki vigtað	-	-	2534
Noregur	Landið	Rafræn	Lagskipt tilviljana	Bekkur	Landsvæði/ gerð skóla	58	89	4313
Svíþjóð	Landið	Blað og blýantur	Lagskipt tilviljana	Bekkur	Ekki vigtað	85	85	2546
Danmörk	Landið	Rafræn	Lagskipt tilviljana	Skóli	Landsvæði	21	88	2487
Færeyjar	Landið	Blandað*	Allir	-	Ekki vigtað	100	82	511
Finnland	Landið**	Blað og blýantur	Lagskipt tilviljana	Bekkur	Bakgrunnur/ innflytjendur	79	88	4541

* Rafræn fyrirlögn í þremur skólum

**Álandseyjar undanskyldar

Mat þátttakenda í ESPAD á hversu auðvelt eða erfitt þeir telja að nálgast tiltekin efni (sígarettur, áfengi og ólögleg vímuefni) er notað sem mælikvarði á framboð efnanna. Nemendur eru spurðir hversu erfitt þeir telja að nálgast tiltekin efni. Svarmöguleikar eru „Ómögulegt“, „Mjög erfitt“, „Nokkuð erfitt“, „Nokkuð auðvelt“, „Mjög auðvelt“ og „Veit það ekki“. Hlutföll nemenda í hverju landi sem svara „Nokkuð auðvelt“ eða „Mjög auðvelt“ eru sameinuð og talin gefa vísbendingu um aðgengi að efnunum.

Nemendur eru spurðir hvort þeir hefðu prófað tiltekin efni hvað þeir voru gamlir þegar þeir notuðu umrædd efni í fyrsta skipti, t.d. sígarettur, og rafrettur og einnig um fyrstu óhóflega notkun vímuefna (t.d. ofurölvun). Svarmöguleikar voru á bilinu „9 ára eða yngri“ til „16 ára eða eldri“ með eins árs þrepum og síðasti möguleikinn er „Aldrei“. Þeir sem byrja 13 ára eða yngri eru skilgreindir í hóp þeirra sem byrja neyslu efnanna snemma. Hlutfall þeirra sem byrjuðu snemma var reiknað sérstaklega fyrir sígarettur, rafrettur, áfengi og ólögleg vímuefni.

¹ Colasante E, Benedetti E, Fortunato L, Scalese M, Potente R, Cutilli A, o.fl. (2019) Paper-and-pencil versus computerized administration mode: Comparison of data quality and risk behavior prevalence estimates in the European school Survey Project on Alcohol and other Drugs (ESPAD). PLoS ONE 14(11): e0225140. <https://doi.org/10.1371/journal.pone.0225140>

Vísbendingar eru um að tengsl séu á milli sækni í fjárhættuspil og neyslu vímuefna, löglegra sem ólöglegra. Undirliggjandi þættir eru taldir ráða þar nokkru eins og hvatvísi og spennufíkn. Þar sem forvarnaraðgerðir sem beinast að áhættuhegðun eru taldar bera árangur gegn spilafíkn voru spurningar sem beindust að spilafíkn teknar inn í spurningalista ESPAD árið 2019. Algengi þátttöku í fjárhættuspilum var reiknað sem hlutfall þeirra sem höfðu tekið þátt í slíku a.m.k. einu sinni á síðustu 12 mánuðum. Fjárhættuspil eru t.a.m. þegar spilað er fyrir peninga í spilakössum, með spilum eða teningum, þátttaka í happdrætti (lottó) eða veðmál um íþróttakeppni eða dýraat.

SÍGARETTUREYKINGAR


	Á ævinni (%)	Síðustu 30 daga (%)
Norðurlönd		
Ísland	15	5
Noregur	25	10
Svíþjóð	26	11
Danmörk	42	22
Færeyjar	46	17
Finnland	39	17

Evrópa

Lægsta gildi	15	5
Meðaltal	41	20
Hæsta gildi	58	32

Íslensk ungmenni voru með lægsta hlutfall sígarettureykingaafunglingum í Evrópulöndunum. Á öllum hinum Norðurlöndunum höfðu nokkuð fleiri unglingar prófað að reykja einhvern tíma á ævinni. Hæsta hlutfall þeirra sem einhvern tíma höfðu reyktt sígarettur á ævinni var í Slóvakíu.

Einnig voru hlutfallslega fæstir unglingar á Íslandi sem höfðu reyktt sl. 30 daga. Þar á eftir komu norskir unglingar þar sem hlutfallið var samt tvöfalt hærra en meðal íslensku þátttakendanna. Hæsta hlutfall sígarettureykinga sl. 30 daga meðal ungmenna í ESPAD var á Ítalíu og Búlgaríu.



Mynd 2: Sígarettureykingar sl. 30 daga og á ævinni. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

SNEMMBÆRAR SÍGARETTUREYKINGAR


	Snemma prófað (%)	Snemma reykt daglega (%)
Norðurlönd		
Ísland	5,4	1,2
Noregur	8,5	2,5
Svíþjóð	11,0	2,2
Danmörk	13,0	2,3
Færeyjar	23,0	2,9
Finnland	18,0	2,7
Evrópa		
Lægsta gildi	5,4	0,9
Meðaltal	18,0	2,9
Hæsta gildi	33,0	6,0

Neysla unglunga 13 ára eða yngri á hvers kyns vímuefnum er skilgreind sem snemmbær notkun. Íslenskir unglingar voru einnig með lægsta hlutfall af evrópskum ungmennum sem höfðu prófað snemma að reykja sígarettur. Hæsta hlutfall ungmenna sem byrja snemmbærar sígarettureykingar á Norðurlöndum var í Færeyjum, en tæpur fjórðungur ungmenna þar hafði snemma prófað að reykja sígarettur.

Meira en sjötti hver evrópskur unglingur (18%) hafði reykt sígarettur 13 ára eða yngri. Hlutföllin voru talsvert breytileg milli landa, lægsta hlutfallið var á Íslandi (5,4%) og það hæsta í Litháen (33%).

Strákar voru fleiri en stúlkur sem höfðu reykt sígarettur 13 ára eða yngri, hvoru tveggja að meðaltali og í næstum öllum þáttökulöndum, tölur ekki sýndar.

Af Evrópubúum var algengast að unglingar höfðu byrjað daglegar reykingar snemma í Slóvakíu (6,0%) en hlutfallið (0,9%) var lægst í Hollandi.



Mynd 3: Snemmbærar sígarettureykingar. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

REYKINGAR MEÐ RAFRETTUM

	Á ævinni (%)	Síðustu 30 daga (%)
Norðurlönd		
Ísland	39,0	17,0
Noregur	31,0	10,0
Svíþjóð	29,0	6,2
Danmörk	35,0	14,0
Færeyjar	40,0	8,3
Finnland	34,0	7,5
Evrópa		
Lægsta gildi	18,0	5,4
Meðaltal	40,0	14,0
Hæsta gildi	65,0	41,0


Á Norðurlöndum var næst algengast að íslenskir unglingar hefðu einhvern tíma á ævinni reykt með rafrettu (39%), aðeins í Færeyjum var hlutfallið hærra (40%). Meðal unglunga á Norðurlöndum voru íslenskir unglingar í efsta sæti í reykingum með rafrettum sl. 30 daga.

Af Norðurlöndunum voru reykingar með rafrettum sjaldgæfastar í Svíþjóð, bæði á ævinni og sl. 30 daga.

Hæstu hlutföll unglunga sem höfðu prófað að reykja með rafrettum einhvern tíma á ævinni var í Litháen (65%) og Mónakó (63%). Lægstu hlutföll voru í Svartfjallalandi (20%) og Serbíu (18%).

Að meðaltali höfðu 14% nemenda í ESPAD löndum notað rafrettur síðustu 30 daga. Í 11 löndum af 35 var algengi reykinga rafretta síðustu 30 daga minna en 10%, með lægsta algengi

í Serbíu (5,4%). Hæsta hlutfall rafrettureykinga síðustu 30 daga var í Mónakó (41%).



Mynd 4. Reykingar með rafrettum sl. 30 daga og á ævinni. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir efnisflokk.

SNEMMBÆRAR REYKINGAR MEÐ RAFRETTUM

	Snemma prófað (%)	Snemma reykt daglega (%)
Norðurlönd		
Ísland	12,0	2,0
Noregur	6,0	1,8
Svíþjóð	11,0	2,1
Danmörk	8,8	1,2
Færeyjar	14,0	0,8
Finnland	15,0	1,1
Evrópa		
Lægsta gildi	4,3	0,7
Meðaltal	11,0	1,7
Hæsta gildi	20,0	3,2


Hlutfall unglinga sem höfðu snemma prófað að reykja með rafrettum var þriðja hæst á Íslandi af Norðurlöndunum en hærri hlutföll voru í Færeyjum og Finnlandi. Hlutfallið á Íslandi var nokkuð nálægt meðaltali innan Evrópu.

Hlutfall snemmbærra daglegra reykinga með rafrettum á Norðurlöndum var hins vegar næst hæst á Íslandi (2,0%) sem er svipað og hjá sænskum ungmennum (2,1%).

Að meðaltali höfðu fleiri en einn af hverjum 10 evrópskum ESPAD þátttakendum (11%) notað rafrettur 13 ára eða yngri. Hlutfallið var afar mismunandi milli landa, lægst 4,3% í Svartfjallalandi en hæst 20% í Eistlandi.

Strákar voru líklegri en stelpur til að hafa notað rafrettur snemma á lífsleiðinni í langflestum löndum ESPAD, tölur ekki sýndar.

Hæsta hlutfall ungmenna sem snemma byrjuðu daglegar rafrettureykingar var í Kósovó (3,2%) og Kýpur (3,1%).



Mynd 5. Snemmbærar reykingar með rafrettum. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

ÁFENGISNEYSLA OG ÖLVUN


	Prófað áfengi um ævina (%)	Drukkið áfengi sl. 30 daga (%)	Ölvuð sl. 30 daga (%)
Norðurlönd			
Ísland	37,0	11,0	3,8
Noregur	53,0	25,0	8,6
Svíþjóð	58,0	25,0	9,4
Danmörk	92,0	74,0	40,0
Færeyjar	80,0	38,0	13,0
Finnland	69,0	30,0	13,0
Evrópa			
Lægsta gildi	29,0	10,0	2,7
Meðaltal	79,0	47,0	13,0
Hæsta gildi	95,0	74,0	40,0

Af öllum Norðurlöndum var fátíðast að íslensk ungmenni hefðu prófað að neyta áfengis, drukkið áfengi eða orðið ölvuð sl. 30 daga. Þetta þrennt var lang algengast meðal danskra ungmenna.

Í öllum ESPAD löndunum nema Kósovó (29%) og á Íslandi (37%) hafði rúmur helmingur þátttakenda neytt áfengis að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Þau lönd sem höfðu hátt hlutfall ungmenna sem höfðu neytt áfengis einhvern tíma á ævinni (meira en 90%) var í Ungverjalandi, Danmörku og Tékklandi.

Lægsta hlutfall unglinga meðal þáttökulandanna sem höfðu orðið ölvuð sl. 30 daga var í Kósovó (2,7%)

en hæst í Danmörku (40,0%).



Mynd 6. Neysla áfengis og ölvun. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.


SNEMMBÆR NEYSLA ÁFENGIS OG ÖLVUN

	Snemma prófað (%)	Snemma orðið ölvuð (%)
Norðurlönd		
Ísland	7,1	1,8
Noregur	13,0	2,9
Svíþjóð	15,0	4,4
Danmörk	43,0	11,0
Færeyjar	20,0	5,3
Finnland	24,0	7,4
Evrópa		
Lægsta gildi	7,1	1,8
Meðaltal	33,0	6,7
Hæsta gildi	60,0	25,0

Af Norðurlöndunum var lang lægst hlutfall ungmenna á Íslandi sem höfðu byrjað snemma að neyta áfengis eða verða ölvuð. Hlutfallega var algengast að dönsku ungmennin hefðu neytt snemma áfengi.

Þriðji hver ESPAD þátttakandi (33%) hafði prófað áfengi 13 ára eða yngri. Hæstu hlutföll ESPAD þátttakenda sem höfðu snemma neytt áfengis var í Georgíu (60%) og Lettland (48%). Þau lönd þar sem snemmbær neysla var fátíðust var á Íslandi (7,1%), Kósovó (12%) og Noregi (13%).

Að meðaltali sagðist einn af hverjum 15 ESPAD nemendum (6,7%) hafa orðið ölvuð 13 ára eða yngri. Hlutfallslega fæstir höfðu orðið ung ölvuð á Íslandi (1,8%) en flest í Georgíu (25,0%).




Mynd 7. Snemmbær neysla áfengis og ölvun. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

AÐGENGI AÐ SÍGARETTUM OG ÁFENGI

	Auðvelt aðgengi	
	Sígarettur (%)	Áfengi (%)
Norðurlönd		
Ísland	47,0	62,0
Noregur	65,0	75,0
Svíþjóð	75,0	79,0
Danmörk	79,0	95,0
Færeyjar	66,0	74,0
Finnland	64,0	73,0
Evrópa		
Lægsta gildi	24,0	38,0
Meðaltal	60,0	78,0
Hæsta gildi	79,0	95,0

Hlutfall þeirra sem töldu „Nokkuð auðvelt“ eða „Mjög auðvelt“ (hér eftir nefnt „auðvelt“) að ná sér í sígarettur eða áfengi var lægst á Íslandi af öllum Norðurlöndunum. Hvoru tveggja var auðveldast meðal ungmenna í Svíþjóð og Danmörku.

Lang auðveldasta aðgengi að áfengi innan ESPAD þáttökulanda í Evrópu var í Danmörku þar sem 95% ungmenna töldu auðvelt að ná sér í áfengi. Af þáttökulöndunum var erfiðast að ná sér í sígarettur og áfengi í Kósovó.



Mynd 8. Aðgengi á sígarettum og áfengi. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

NEYSLA ÓLÖGLEGRA VÍMUEFNA

	Neytt einu sinni eða oftár		
	Ólögleg fíkniefni (%)	Kannabis (%)	Róandi lyf (%)
Norðurlönd			
Ísland	7,3	6,4	6,8
Noregur	9,4	8,7	5,8
Svíþjóð	9,2	8,0	6,4
Danmörk	18,0	17,0	4,7
Færeyjar	10,0	9,4	2,7
Finnland	12,0	11,0	7,1
Evrópa			
Lægsta gildi	4,2	2,9	1,7
Meðaltal	17,0	16,0	6,6
Hæsta gildi	29,0	28,0	21,0


Af Norðurlöndum var lægsta hlutfall ungmenna á Íslandi sem höfðu prófað að neyta kannabis eða annarra ólöglega fíkniefna. Hæsta hlutfallið var meðal danskra ungmenna.

Hæstu hlutföll nemenda í Evrópu sem sögðust einhvern tíma hafa prófað ólögleg fíkniefni var í Tékklandi (29%), Ítalíu (28%) og Lettlandi (27%). Hlutfallslega fæstir (≤10%) sem höfðu prófað ólögleg fíkniefni voru ungmenni í Kósovó, Íslandi, Norður-Makedóníu, og Úkraínu.

Kannabis var algengasta ólöglega fíkniefnið í öllum ESPAD löndum. Löndin með mest algengi kannabisneyslu voru Tékkland (28%), Ítalía (27%) og Lettland (26%). Hlutfallslega fæstir höfðu notað

kannabis í Kósovó, Norður-Makedóníu, Íslandi og Serbíu (2,9-7,3%).

Hlutfallslega flest börn á Norðurlöndum sem höfðu notað róandi lyf án lyfseðils voru í Finnlandi og Íslandi. Af Evrópulöndunum voru flest börni sem höfðu notað slík lyf í Lettlandi (21%) og Litháen (20%).



Mynd 9. Neysla ólöglegra fíkniefnanum ævina. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

AÐGENGI AÐ KANNABIS OG E-TÖFLUM


	Auðvelt aðgengi	
	Kannabis (%)	E-töflur (%)
Norðurlönd		
Ísland	28,0	11,0
Noregur	35,0	12,0
Svíþjóð	32,0	20,0
Danmörk	48,0	20,0
Færeyjar	21,0	5,8
Finnland	24,0	7,6
Evrópa		
Lægsta gildi	11,0	4,7
Meðaltal	32,0	14,0
Hæsta gildi	51,0	24,0

Á Íslandi taldi rúmlega fjórðungur ungmenna auðvelt að verða sér út um kannabisefni. Á Norðurlöndum var aðgengi að kannabis auðveldast í Danmörku en erfiðast í Færeyjum.

Af öllum þátttakendum í ESPAD töldu hlutfallslega flestir hollenskir unglingar auðvelt að verða sér úti um kannabis (51%). Hátt hlutfall var einnig meðal ungmenna í Danmörku (48%), Tékklandi (47%), Slóveníu (46%) og Slóvakíu (45%). Þau lönd þar sem tiltölulega fáir þátttakendur töldu aðgengi að kannabis auðvelt var í Kósovó (11%) og Úkraínu (13%).

Eitt af hverjum tíu ungmennum á Íslandi taldi auðvelt að verða sér úti um e-töflur. Á öllum Norðurlöndum var aðgengi að e-töflum nokkuð erfiðara en að kannabisefnum. Auðveldast var aðgengið í Danmörku og Svíþjóð. Af Evrópulöndunum voru hlutfallslega fæstir þátttakendur sem töldu auðvelt að nálgast

e-töflur í Kósovó (4,7%). Þátttakendur sem töldu það hins vegar auðvelt voru flestir í Slóvakíu (24%).



Mynd 10. Aðgengi að kannabis og e-töflum. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

FJÁRHÆTTUSPIL Á NETINU sl. 12 mánuði

	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
Norðurlönd			
Ísland	7,2	1,2	4,1
Noregur	6,8	1,2	4,1
Svíþjóð	14,0	2,6	8,1
Danmörk	19,0	1,2	9,5
Færeyjar	17,0	2,8	10,0
Finnland	14,0	2,1	7,9


Evrópa

Lægsta gildi	5,2	0,8	3,1
Meðaltal	13,0	2,7	7,9
Hæsta gildi	29,0	11,0	16,0

Á Norðurlöndum voru færeysk ungmenni líklegust til að hafa spilað fjárhættuspil á netinu sl. 12 mánuði (10%). Á Íslandi og Noregi voru þau hins vegar ólíklegust til þess (4,1%).

Mikill munur er á þátttöku stelpna og stráka í fjárhættuspili á netinu. Meðal ungmenna á Norðurlöndum voru íslenskir strákar næstfæstir þeirra sem spiluðu fjárhættuspil á netinu (7,2%). Algengast var meðal danskra stráka að spila fjárhættuspil á netinu (19,0%).

Meðal evrópskra þátttökulanda var hlutfall stelpna sem spiluðu á netinu lágt í öllum löndum en hæst 11% í Kósovó. Algengast var meðal unglinga í Kósovó (16%) að hafa tekið þátt í fjárhættuspili á netinu sl. 12 mánuði.



Mynd 11. Þátttaka ungmenna í fjárhættuspili á netinu. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.


FJÁRHÆTTUSPIL sl. 12 mánuði

	Strákar (%)	Stelpur (%)	Heild (%)
Norðurlönd			
Ísland	22,0	14,0	18,0
Noregur	-	-	-
Svíþjóð	21,0	14,0	18,0
Danmörk	21,0	4,1	12,0
Færeyjar	34,0	16,0	25,0
Finnland	41,0	20,0	30,0
Evrópa			
Lægsta gildi	15,0	4,1	11,0
Meðaltal	29,0	15,0	22,0
Hæsta gildi	49,0	23,0	33,0

Á Norðurlöndum var þátttaka í fjárhættuspilum utan netsins minnst á Íslandi og Svíþjóð (18%). Ekki bárust niðurstöður frá Noregi varðandi þennan lið. Líkt og með fjárhættuspil á netinu var þátttaka stelpna minni en stráka þar sem mun færri stelpur en strákar spiluðu fjárhættuspil í hverju Norðurlandanna en munur kynjanna var mestur í Danmörku. Finniskir unglingar voru líklegastir til að hafa spilað fjárhættuspil sl. 12 mánuði.

Af öllum ESPAD þáttökulöndunum var algengast að spila fjárhættuspil á Grikklandi og Kýpur (33% hvoru tveggja).

Sjá má í töflunni á næstu síðu nánari greiningu á þeim fjárhættuspilum sem spurt var um í ESPAD könnuninni.



Mynd 12. Þátttaka ungmenna í fjárhættuspili. Punktalína vísar til meðaltals Evrópu fyrir samlitan efnisflokk.

Íslenskir unglingar voru ólíklegastir af jafnöldrum sínum á Norðurlöndum til að nota spilakassa eða fjárhættuspil með spilum og/eða teningum. Finniskir unglingar voru hins vegar líklegastir til að stunda þess konar spilamennsku. Hlutfall íslenskra unglinga sem tóku þátt í happdrættum undanfarið ár var hins vegar nokkuð hátt (60%). Danskir unglingar voru ólíklegastir til að taka þátt í happdrætti. Um þriðjungur íslenskra og sænskra unglinga hafði tekið þátt í veðmálum á tímabilinu sem er helmingi lægra hlutfall en meðal dönsku unglinganna. Fátíðast var meðal finnsku unglinganna að taka þátt í veðmálum.

Þátttaka unglinga á Norðurlöndum í mismunandi fjárhættuspilum.

	Spilakassar (%)	Spil og teningar (%)	Happdrætti (%)	Veðmál um íþróttir og dýr (%)
Norðurlönd				
Ísland	20	38	60	32
Noregur	-	-	-	-
Svíþjóð	22	40	61	32
Danmörk	21	41	43	60
Færeyjar	29	39	54	49
Finnland	60	43	53	26
Evrópa				
Lægsta gildi	7	22	19	23
Meðaltal	21	44	49	45
Hæsta gildi	60	69	74	76

Hlutfallslega fæstir unglinga sem höfðu notað spilakassa voru í Tékklandi (7%) en flestir í Finnlandi (60%). Spil og teningafjárhættuspil voru sjaldgæfust í Svartfjallalandi (22%) en algengust í Þýskalandi (69%). Happdrætti var fátíðast meðal þýskra unglinga (19%) en algengast meðal þeirra grísku (74%). Veðmál um íþróttir eða dýraatvætti var minnst meðal hollensku þátttakendanna (23%) en algengast í Króatíu (76%).



Íslenska
æskulýðsrannsóknin